

26 stelpur og 10 strákar munu í kvöld berjast um titilinn Unglingamódel ársins 1996 í Tunglinu.



# Svakalega sæt...

Í kvöld verður í þriðja sinn á Ívegum Módel '79 eftir til úrslita í keppninni um „Unglingamódel ársins“, en þar keppa til úrslita 26 stúlkur og 10 strákar á aldrinum 14 til 17 ára.

Að sögn **Jónu Lárusdóttur**, framkvæmdastjóra Módel '79, hefur eftirsóknin í að taka þátt í keppninni aldrei verið eins og nú. Hátt í tvö hundruð ábend-

ingar bárust, ýmist frá unglingunum sjálfum ellegar fólki sem til þeirra þekkti.

Nokkur undirbúningur hefur verið fyrir keppnina og er þegar búið að samstillta krakkana að nokkru með því að fara með þau út að borða og í líkamsrækt.

Fyrir sjálf úrslitin hafa þau þegar æft tískusýningu sem **Jó-**

**hann G. Jóhannsson** (yngsti) kynnir, en auk þess mun **DJ Margeir** sýna listir sínar og **Emiliana Torri** fremja söngvaseið. Hápunktur kvöldsins verður svo þegar tilkynnt verður hverjir hljóta fyrsta, annað og þriðja sæti hjá báðum kynjum.

Til nokkurs er að vinna því svo getur farið að einhverjir

eigi þess kost að fara utan til fyrirsetustarfa. Meðal annarra verðlauna eru móðelsamningur, fataúttektir, ljósakort, kort í líkamsrækt, ilmvoðn og svo mætti áfram telja.

Samkvæmt heimildum **HP** eru ófáar stúlkurnar sem þátt taka í keppninni 180 sentimetrar á hæð — eða meira. Með öðrum orðum: Heimur hækkandi fer!

Rannsóknarlögregla ríkisins beinir rannsókn **biskupsmála** að fjórum konum sem saksóknari telur að hafi haft uppi meiðyrði og rangar sakargiftir á hendur biskupi.

# Fjöldi vitna yfirheyrdur

Rannsóknarlögregla ríkisins Rvinnur kappsamlega að rannsókn svonefndra biskupsmála. Yfirheyrslur hófust á fimmtudaginn í síðustu viku og í þessari viku hefur fjöldi vitna verið kallaður fyrir. Af hálfu RLR eru engar upplýsingar gefnar um rannsóknina, en samkvæmt heimildum blaðsins var upphaflega stefnt að því að ljúka rannsókninni fyrir páska. Ekki er ljóst hvort það tekst.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem **HP** hefur aflað sér beinist rannsóknin að fjórum konum. Það eru **Sigrún Pálína Ingvarsdóttir**, **Stefanía Þor-**



**grímsdóttir**, **Guðrún Jónsdóttir** hjá Stígamótum og konan sem sakaði biskup um kynferðislega áreitni í Kaupmannahöfn en aftréð síðan að draga sig í hlé. Rannsóknin beinist að því að kanna hvort konurnar hafi haft uppi rangar sakargiftir og meiðyrði í garð biskups. Sumar

af konunum sem sæta rannsókn hafa bent á ýmsa sem vitni. Þær hafi sagt þeim frá því á sínum tíma er þær urðu fyrir meintu kynferðislegu áreitni biskups. Vart verður komist hjá því að RLR kalli biskup fyrir þar sem rannsóknin er gerð vegna greinargerðar sem hann

sendi ríkissaksóknara.

Það var 11. mars sem herra **Ólafur Skúlason** biskup sendi **Hallvarði Einvarðssyni** ríkissaksóknara erindi og bar fram þá kröfu að fram færi opinber rannsókn vegna rangs sakarburðar og ærdumeiðandi aðdróttana í sinn garð. Greinargerð biskups var löng og ítarleg ásamt fylgiskjólum. Þann 14. mars fól Hallvarður Rannsóknarlögreglu ríkisins að annast rannsókn málsins. **Helgarpósturinn** reyndi ítrekað að ná tali af Hallvarði Einvarðssyni í gær en hann var jafnan sagður „ekki við“. Ætlunin var að spyrja ríkissaksóknara að hvaða atriðum og persónum rannsóknin ætti sérstaklega að beinast. Fulltrúar embættis ríkissaksóknara vildu ekki ræða þetta mál og vísuðu á Hallvarð sem var „ekki við“ í allan gærdag.

Önnu Margréti Magnúsdóttur var vikið fyrirvaralaust úr íslenska liðinu sem tekur þátt í keppninni **Kontrapunkti**.

# „Freklega vaðið yfir mig“

Það er vitaskuld vaðið freklega yfir mig í þessu máli. Ég opna munninn tvisvar og segi eitthvað sem þeim líkar ekki og þá er ég hreinlega beðin að fara án frekari útskýringa — hvað þá að rætt sé við mig,“ sagði **Anna Margrét Magnúsdóttir** tónlistarmaður í samtali við **Helgarpóstinn**.



Kontrapunktslandslið Íslands áður en þau slitu samvistir...

Anna Margrét var í keppniliði Íslands í norrænu sjónvarpskeppninni **Kontrapunkti** ásamt þeim **Valdimar Pálssyni** og **Gylfa Baldurssyni**. Fyrir skömmu hringdi **Sveinbjörn I. Baldvinsson**, dagskrárstjóri **Sjónvarpsins**, í Önnu Margréti og tilkynnti að hún yrði ekki með í undanúrslitum keppninnar. Ástæðuna kvað hann vera þá, að Valdimar, sem er fyrirliði íslenska liðsins, hefði tilkynnt sér að liðið væri óstarfhæft vegna samskiptaörðugleika við Önnu Margréti.

Anna Margrét sagði að eftir að tveir fyrstu þættirnir voru teknir upp í Malmö í janúar hefði íslenska liðið sest niður við spjall. Þá hefði hún sagt að hún teldi liðið geta bætt árangur sinn með því að vanda betur til samskipta þeirra í milli í keppninni sjálfri — sem og við stjórnanda keppninnar. Ábendingum sínum hefði hvorki verið tekið vel né illa. Í næsta þætti hafi samskiptin verið góð og unnist sigur á Dönnum. Í fjórða og síðasta þættinum í bili hafi síðan gengið miður. Nú eru undanúrslit framundan í keppninni og fyrir nokkrum vikum hittust þremmingarnir heima hjá Önnu Margréti á fundi. Þar kvaðst hún hafa ekki verið nógú ánægð með frammiðstöðu liðsins, en ástæðan væri ekki þekkingarskortur í tónlist heldur skorti betri samskipti þeirra á milli í keppninni.

„Gylfi tók þessu ágætlega en það sem gerði líklega útslagið

gagnvart Valdimar var að ég benti á að í keppninni hefði ég verið með tillögu að svari sem hann hefði hafnað mjög eindregið en mín tillaga hafi síðan reynst rétt. Ég tók þetta sem dæmi um samskiptavandamál okkar. Valdimar varð afskaplega reiður og daginn eftir hringdi hann í mig og sagði að ég hefði ekkert leyfi til að segja honum sem fyrirliða liðsins hvernig hann ætti að haga sér í keppninni. Næsta sem gerist er svo að Sveinbjörn I. Baldvinsson hringir til mín og segir að Valdimar geti ekki unnið með mér og þar sem Valdimar sé fyrirliðinn verði ég að víkja úr liðinu,“ sagði Anna Margrét.

Sveinbjörn I. Baldvinsson var spurður hvort ekki hefði verið hægt að halda fund og freista þess að ná sáttum í liðinu. „Liðsstjórnin kom til mín og sagði að liðið væri óstarfhæft. Það var enginn tími til þess að ég færi að setja á einhverja samningafundi og hlýða á vitnaleiðslur sem dómari. Það varð að grípa til björgunaraðgerða strax og því var **Ríkharður Örn Pálsson** fenginn í liðið í stað Önnu Margrétar. Það er hins vegar mjög leiðinlegt að svona skyldi fara,“ sagði Sveinbjörn.

# Þrósið...

... fær **Kristján Ragnarsson**, formaður LÍÚ, fyrir að hóta því að hunska kvótalögin ef **Þorsteinn Pálsson** lætur ekki af dekki sínu við trillukarlana. Það var kominn tími til að stórutgerðarmenn settu hnefann í borðið og gerðu ráðamönnum ljóst hverjir eiga fiskinn í sjónum og hverjir eigi að hafa forgang um aðgang að miðunum. Auðvitað eiga togarar fyrst og fremst að sjá um veiðarnar, því þetta eru skip sem kosta um einn milljarð stykkið og veitir ekki af að veita þeim allar tiltækar aflaheimildir. Þessir trillukarlar sem eru að skaka hringinn í kríngum landið á skektum sínum hafa sífellt gerst aðgangsharðari og heimtað stærri hlut af heildarveiðinni. Þeir hafa fjölmennt við þinghúsið og haft uppi hótanir og störyrði ef ekki verði gengið að kröfum þeirra. Og nú virðist Þorsteinn ætla að lifa fyrir þessum kórnum. Útgerðarmenn togara hafa jafnan lápið dauðann úr skel eins og allir vita en haldið áfram útgerðinni af hugsjón einni saman. Þeir hafa það fyrst og fremst að markmiði að skapa þjóðinni gjaldeyri svo hægt sé að lifa í þessu landi. Trillukarlarnir eru hins vegar græðgingar upp máluð og hugsa um það eitt að moka krókin, eins og þeir vita sem hafa kynnst mönnum úr þeirri vöðalegu stétt. Vonandi gerir **Kristján Ragnarsson** sjávarútvegsráðherranum það ljóst í eitt skipti fyrir öll að það verður ekki farið lengur eftir kvóta-kerfinu ef ætlunin er að halda áfram að hlaða undir trillukarlana. Þá verður bara barist á miðunum og togarnir fara létt með að kafsfigla trillumar...

# Íslenskur brautryðjandi í vídeólist

Á síðustu áratugum hefur myndbandið eða vídeóið öðlast viðurkenningu sem listrænn miðill til jafns við aðrar greinar. **Steinnur Vasulka**, sem búsett er í Santa Fe í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum, er einn helsti frumkvöðull vídeólistar í heimi og nú er verið að setja upp fyrsta verk íð eftir hana af þremur sem sýnd verða á Kjarvalsstöðum. En hvernig sýning er þetta?



„Þetta er vídeósýning á sex skermum sem kastað er frá þremur myndvörpum, þannig að hverri mynd er varpað tvisvar. Þetta er kallað leiftur-únir og efni er safnað á járnsmíðaverkstæði. Hljóðið er svo sent í gegnum tölvuræna hljóðgerfla, þannig að þetta er bæði tónverk og myndverk.“

Nú ert þú einn af frumkvöðulum þessarar listgreinar. Hvernig kom það til? „Ég var svo heppin að detta inn í þetta strax á byrjunarskeiði greinarinnar. Maðurinn minn er kvikmyndagerðarmaður og ég var tónlistarmaður og þegar þessi tæki urðu færnanleg um 1969 fórum við að leika okkur með þetta. Þetta átti nú ekki að verða að ævilstarfi, en annað hefur komið á daginn.“

Éru Íslendingar móttækilegir fyrir þessari listgrein? „Þetta er náttúrulega meiri nýjung hér en í Bandaríkjunum. Þegar ég sýndi herna árið 1984 varð fólk annaðhvort mjög hrifið eða skildi bara ekki neitt. Ég held að fólk sé nú orðið mun móttækilegra fyrir þessu listformi.“

Unnendur sakamálasagna fá loks eitthvað fyrir sinn snúð þegar frumsýnt verður leikverkið **Páskahret** eftir **Árna Hjartarson** — þar sem allir eru grunaðir um morð.


# Árni í anda Agötu Christie

**Páskahret** nefnist nýtt íslenskt leikrit sem leikfélagið Hugleikur frumsýnir í Tjarnarbíói á föstudag. Leikrit þetta er annað verk **Árna Hjartarsonar**, jarðfræðings hjá Orkustofnun, sem einnig hefur sent frá sér einþáttung. Sagt er að verkið sé bráðfyndinn gamanleikur með sakamálaþvafi, en einmitt aðdæundur sakamálasagna eru á einu máli um að sárlega hafi vantað íslensk verk í anda Agötu Christie.

„Ég hef að vísu aldrei lesið Agötu Christie, en þetta er formúlan, eða ég ímynda mér það að minnsta kosti,“ segir Árni. Fyrir þá sem ekki vita má geta þess að Árni er bróðir hins afkastamikla leikskálds **Ingibjargar Hjartardóttur**, sem mikið hefur einmitt samið fyrir

Hugleik. „Það er rétt að það hefur ekki verið mikið samið af leikritum í þessum anda, en mitt leikrit er samt ekki frumsmíð af þessari tegund hér á landi. Það var einmitt Ingibjörg systir mín sem samdi útvarpsleikrit um stóra kókaín málið fyrir tveimur árum.“

Í leikriti Árna segir af fólki sem er á ferð frá Þórsmörk yfir í Landmannalaugar, er statt á Laugaveginum. Í grenjandi páskahreti lokast hópurinn af í Hrafninnuskeri, þar sem morð er framið. Og allir eru grunaðir.



Sem jarðfræðingur þekkirðu væntanlega vel til. Skiptir til dæmis máli við úrlausn málsins hvaða bergtegundir finnast undir hvaða sköm? „Nei, ég fór nú ekki út í þá sálma og ég held að það muni ekki mikið bera á jarðfræðipækkingu minni í verkinu.“

Ertu kannski að skapa íslenska Agötu Christie með Páskahreti? „Áttu við að það komi Páskahret II eftir ár? Nei, ég held nú ekki. Ég hafði það að minnsta kosti aldrei í huga.“